



Þar sem vegurinn endar – eða byrjar?

Skilaboð íbúáþings í Árneshreppi, júní 2017

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	1	8. Þjónusta.....	12
1. Inngangur.....	2	8.1 Heilsugæsla og þjónusta.....	12
2. Forgangsröðun.....	3	8.2 Verslun.....	13
3. Samgöngur.....	4	9. Finnbogastaðir – kaup á jörð.....	13
4. Hvalárvirkjun, vatnsútflutningur, ódýrara rafmagn.....	5	10. Að ná áheyrn stjórnvalda og þjóðar.....	14
4.1 Til athugunar.....	5	10.1 Skattamál.....	14
5. Atvinna.....	6	10.2 Fjórðungssamband Vestfirðinga.....	14
5.1 Landbúnaður.....	6	10.3 Brothætt byggð.....	14
5.2 Ferðaþjónusta.....	8	10.4 Talsmaður / verkefnisstjóri.....	15
6. Skólinn.....	9	10.5 Kynning / fjölmiðlar.....	15
7. Smávirðjanir og hitaveita.....	10	10.6 Stjórnsmál.....	15
7.1 Smávirðjanir.....	10	10.7 Ákall til stjórnvalda.....	15
7.2 Hitaveita.....	11	11. Framtíðarsýn - 2037.....	16
		12. Að lokum.....	18
		Viðauki - næstu skref.....	19

Öllum sem þátt tóku í íbúáþinginu í Árneshreppi, og þeim sem aðstoðuðu við framkvæmdina, eru færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf og vel heppnað þing.

Umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, í samstarfi við fulltrúa Byggðastofnunar, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Árneshrepps.

Íbúáþingið var haldið í Félagsheimilinu Árnesi í Trékyllisvík. Kaffi Norðurfjörður hafði umsjón með veitingum, sem voru í boði Byggðastofnunar.

Ljósmyndir í samantektinni eru frá Byggðastofnun og ILDI.

Eftirtalin tóku þátt í undirbúningi og kynningarmálum fyrir og eftir þing:

Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps.

Kristján Þ. Halldórsson, Byggðastofnun.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun.

Skúli Gautason, Fjórðungssambandi Vestfjarða.



SAMANTEKT

Ef ekki verður gripið til róttækra aðgerða, er hætta á því að heilsársbyggð í Árneshreppi á Ströndum leggist af. Þetta eru skilaboð tveggja daga íbúðings sem Árneshreppur, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Byggðastofnun stóðu fyrir í félagsheimilinu í Árnesi, 12. – 13. júní.

Á þinginu ræddu íbúar og fulltrúar þessara stofnana saman um framtíðina, möguleika og tækifæri. Fyrirkomulag þingsins var þannig að þátttakendur stungu upp á umræðuefnum og þannig endurspeglar þingið það sem helst brennur á íbúum.

Brýnast er að bæta samgöngur, sérstaklega þjónustu yfir vetrartímann, samkvæmt forgangs röðun þátttakenda á þinginu. Byggja þarf upp veginn yfir Veiðileysuháls og tiltölulega stutt jarðgöng milli Árnesdals og Reykjarfjarðar myndu gjörbreyta lífsskilyrðum íbúa og rjúfa einangrun yfir veturinn. Talsverðar vonir eru bundnar við tækifæri sem virkjun Hvalár gæti skapað, ekki aðeins til skemmri tíma heldur að hún kynni að opna á nýja möguleika í atvinnuuppbyggingu. Lögðu þátttakendur mikla áherslu á framgang þessa máls þó svo að um það séu skiptar skoðanir meðal heimamanna, eins og fram kom á þinginu. Í orkumálum var einnig rætt um smávirkanir og hitaveitu frá Krossnesi í Norðurfjörð, en með henni myndu opnast möguleikar á sjóbaðsaðstöðu þar, auk húshitunar.

Þátttakendur veltu fyrir sér ýmsum leiðum til að efla þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar. Festa þarf kvóta í byggðinni, bæði í fiskveiðum og sauðfjárrækt. Fram kom að búfjársamningur er óhagstæður sauðfjárrækt í Árneshreppi, en hún er grunnurinn í landbúnaðinum og afar mikilvæg fyrir heilsársbyggð. Auðvelda þarf nýliðun. Rætt var um lífrænt vottað fé, en

heimamenn hafa þó fyrst og fremst áhuga á aukinni vinnslu afurða í heimabyggð og upprunavottun. Tækifæri til frekari þróunar í ferðaþjónustu, felast meðal annars í sögu svæðisins og vetrarferðamennsku, en ekki síst í markaðssókn, með áherslu á kyrrð og tíma.

Nefnd voru ný atvinnutækifæri, eins og vatnsútflutningur og fiskeldi og áhugi er á að kanna möguleika á hreindýrabúskap.

Leita þarf nýrra leiða til að halda uppi starfsemi í Finnbogastaðaskóla, vegna fæðar nemenda. Í Árneshreppi eru engir búsetu- eða þjónustukostir fyrir aldraða og þetta var þátttakendum hugleikið, ásamt því að bæta þurfi lækniþjónustu. Viðruð var sú hugmynd að sveitarfélagið kaupi húsnæði sem hægt væri að nýta sem listamiðstöð eða heimili fyrir aldraða. Þá þurfi að huga að byggingu lítilla íbúða. Fram komu áhyggjur af framtíð verslunar og var stungið upp á stofnun starfshóps til að kanna möguleika í stöðunni.

Íbúðingarnir í Árneshreppi er ákall til stjórnvalda, því staðan er grafalvarleg. Íbúar kalla einnig eftir virkum stuðningi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Byggðastofnunar og lýstu áhuga á að sveitarstjórn staðfesti vilja til þátttöku í verkefni stofnunarinnar „Brothættar byggðir“.

Í lok þings komu fjórir þingmenn Norðvesturkjördæmis og hlýddu á niðurstöður, ásamt fleiri gestum. Þegar litið er til þess hve staðan í Árneshreppi er alvarleg, var íbúðingarnir einstakt og einkenndist af yfirvegun og samkennd.

Árneshreppur hefur löngum verið markaðssettur undir slagorðinu „Þar sem vegurinn endar“. Á íbúðinginu ríkti von í hjörtum viðstaddra sem vilja sjá fyrir sér betri tíma og að í raun sé vegurinn að byrja, á vegferð til heillavænlegrar framtíðar í Árneshreppi.

1. INNGANGUR

Dagana 12. – 13. júní var haldið íbúabínging í Árneshreppi. Að þinginu stóðu Árneshreppur, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Byggðastofnun. Í dreifibréfi fyrir þingið sagði meðal annars:

„Íbúabíngið er vettvangur til að ræða málefni sem skipta íbúa Árneshrepps máli, um stöðu og framtíð byggðarlagsins; atvinnumál, umhverfismál og málefni samfélagsins.

Þingið er fyrir íbúa og þá sem eiga rætur eða dvelja hluta úr ári í byggðarlaginu.

Á þinginu verða ekki teknar formlegar ákvarðanir um málefni Árneshrepps, heldur er það veganesti fyrir sveitarstjórn og stofnanirnar sem að því standa, í ákvörðunum um byggðina í Árneshreppi. Þetta er ekki síður vettvangur fyrir íbúana sjálfa, það sem samfélagið sér, vill og getur gert.

Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um hvernig þinginu verður fylgt eftir, en m.a. verður rædd endurnýjun umsóknar um þátttöku í verkefninu „Brothættar byggðir“ hjá Byggðastofnun.

Tilgangurinn með þinginu er að koma saman, íbúar, sveitarstjórn, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Byggðastofnun, til að leita leiða til að renna styrkari stoðum undir byggð í Árneshreppi.“

Um fimmtán til tuttugu íbúar tóku þátt í þinginu auk fulltrúa frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Byggðastofnun. Undir lok þings, á síðari

degi, komu fjórir þingmenn Norðvesturkjördæmis til að hlýða á niðurstöður, ásamt tveimur fulltrúum frá Vesturverki. Þingmennirnir voru þau Elsa Lára Arnardóttir, Eva Pandora Baldursdóttir, Guðjón S. Brjánsson og Teitur Björn Einarsson.

Fulltrúar frá Árneshreppi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Byggðastofnun undirbjuggu þingið, ásamt ILDI, þjónustu og ráðgjöf, sem hefur sérhæft sig í slíkum verkefnum og vinnur eftir alþjóðlegum viðmiðum, gildum og siðareglum.

Fyrirkomulag þingsins var svokallað „Opið rými“ – Open Space, þrautreynd fundaaðferð¹. Þátttakendur stungu sjálfir upp á umræðuefnum og leiddu umræðuhópa. Hver hópur sló niðurstöður sínar inn í tölvu og byggir samantektin á þeim gögnum. Kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum hópa. Að auki er sagt frá skilaboðum íbúa um næstu skref, umræðum um verkefnið Brothættar byggðir og ferð inn í framtíðina, til ársins 2037.

„Alþingismenn verða að hlusta á okkur.“


¹ <http://www.openspaceworld.org/>

2. FORGANGSRÖÐUN

Í lok þingsins forgangsröðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar í Árneshreppi. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útdeila á málaflokka eftir eigin mati.

Samgöngur eru brýnasta viðfangsefnið í Árneshreppi, samkvæmt forgangsröðuninni. Þar á eftir komu þrjú málefni sem rædd voru samhliða, þ.e. Hvalárvirkjun, vatnsútflutningur og ódýrara rafmagn. Atvinnu- og skattamál voru þriðja mikilvægasta málið og síðan skólamál. Stuðningur Fjórðungssambands Vestfirðinga við Árneshrepp var einnig ofarlega á blaði. Þar á eftir komu smávirðjanir og landbúnaður og loks hugmyndir um lagningu hitaveitu frá Krossnesi í Norðurfjörð. Heilsugæsla, þjónusta og verslun komu næst, ásamt þeirri hugmynd að Árneshreppur kaupi Finnbogastaði. Ferðaþjónusta rataði á blað og loks má orða það svo að lífrænt vottað fé hafi rekið lestina.

Í köflunum hér á eftir, er fjallað nánar um þau atriði sem sjá má á myndinni.



„Vinna að því að fá betri samgöngur.“

3. SAMGÖNGUR

Brýnasta byggðamálið í Árneshreppi, samkvæmt forgangs röðun á þinginu, er að fólk geti komist leiðar sinnar allt árið um kring. Lögð var áhersla á vetrarþjónustu á landi og sérstaklega kallað eftir samgöngubótum um veiðileysuháls og Kjörvogshlíð. Bent var á að tiltölulega stutt jarðgöng milli Árnesdals og Reykjarfjarðar myndu gjörbreyta lífsskilyrðum íbúa og rjúfa einangrun yfir veturinn.

Íbúar eru ósáttir við lélega þjónustu í snjómokstri og sögðu m.a. „Út með G-regluna“. Samkvæmt henni er mokstur á kostnað Vegagerðarinnar heimill tvo daga í viku að hausti, til 1. nóvember og síðan einu sinni í viku fram til 5. janúar. Eftir það má moka einu sinni í viku að beiðni og gegn helmingagreiðslu frá sveitarfélagi, að teknu tilliti til notagildis og kostnaðar. Frá 20. mars er mokað tvo daga í viku á meðan snjólétt er. Það eru því 3 og ½ mánuður á hverjum vetri þar sem ekki er reglubundinn snjómokstur í Árneshreppi á kostnað Vegagerðar.

Áhugi er á að efla flugsamgöngur í tengslum við ferðaþjónustu og kallað eftir ódýrari flugfarmiðum fyrir heimafólk. Þá var rætt um almenningssamgöngur milli Hólmavíkur og Árneshrepps og ljósleiðaratengingar.

„Út með G-regluna.“

Samkvæmt greiningu í lok þings, eru þetta næstu skref í samgöngumálum:

- Vinna að því að fá betri samgöngur.
- Afla upplýsinga frá Vegagerð varðandi samgöngumál.
- Veiðileysuháls strax í gang.
- Jarðgöng milli Árnesdals/Trékyllisvíkur og Reykjarfjarðar.
- Breyta skilgreiningu á vegi/burt með G-regluna.
- Tala við flugfélag til að fá ódýrara flug 2.500 – 3.000 kr.
- Knýja á um ljósleiðara.



4. HVALÁRVIRKJUN, VATNSÚTFLUTNINGUR,

ÓDÝRARA RAFMAGN

Þessi þrjú mál voru rædd undir sama hatti, þar sem þau voru talin nátengd. Með **virksjun Hvalár** skapast, að mati þátttakenda, **tækifæri til vatnsútflutnings og möguleiki á ódýrara rafmagn**. Þannig er virksjun Hvalár mikilvæg forsenda og myndi hafa jákvæð áhrif á atvinnu, bæði tímabundið og til lengri tíma. Virksjun gæti opnað á nýja möguleika í atvinnuuppbyggingu og styrkt samgöngur á landi og í lofti. Hún gæti **hugsanlega orðið nýtt aðdráttarafli fyrir ferðamenn**.

Þá yrði hægt að koma á **þriggja fasa rafmagn**.

Loks kom fram að Hvalárvirksjun myndi **styrkja stöðu sveitarfélagsins, með miklum tekjum í gegnum fasteignagjöld og útsvar**.

Næstu skref varðandi orkumál töldu þátttakendur vera þessi:

- Upphaf orkubyltingar Vestfjarða – virksjun Hvalár ásamt tengivirki. Verkefnið fái forgang í kerfinu og gerður verði samningur vegna framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Hitaveita þar sem það á við.
- Þriggja fasa rafmagn í alla sveitina. Betra rafmagn er grunnur að bættum atvinnumálum.
- Koma af stað smávirksjunum þar sem það hentar.
- Húshitunarkostnaður.

Sjá einnig kafla 8 hér á eftir.

4.1 TIL ATHUGUNAR

Á þinginu kom fram að skiptar skoðanir eru meðal íbúa Árneshrepps um virksjun Hvalár. Punktarnir hér á undan eru frá þeim sem tóku þátt í umræðum í þessum tiltekna hópi. Þetta málefni varð síðan næst efst í forgangsröðun á íbúáþinginu og hefur því töluvert vægi. Fulltrúar frá Vesturverki / HS orku sem komu á þingið undir lok þess tóku ekki þátt í forgangsröðun, né heldur fulltrúar frá stofnunum. Forgangsröðunin er því aðeins þeirra íbúa sem þá voru staddir á þinginu og endurspeglar ekki endilega sjónarmið allra sem tóku þátt í íbúáþinginu eða allra íbúa Árneshrepps.



„Upphaf orkubyltingar Vestfjarða –
virksjun Hvalár.“

5. ATVINNA

Rætt var um atvinnumál í fjórum hópum. Einn þeirra fjallaði almennt um atvinnu- og skattamál, annar um ferðapjónustu og tveir ræddu um landbúnað, þar sem annar fjallaði um sauðfjárrækt og hreindýrarækt og hinn ræddi um lífrænt vottað fé.

Skilaboð um skattamál er að finna í kafla 11 hér á eftir.

Varðandi atvinnumál almennt var áherslan annars vegar á að styrkja og efla það sem fyrir er. Liður í því væri að festa niður kvóta í byggðinni, bæði í sjávarútvegi og sauðfjárrækt. Aukið frelsi í strandveiðum myndi skapa tækifæri fyrir Árneshrepp. Þá gætu falist möguleikar í að auka fullvinnslu í heimabyggð, bæði í kjöti og fiski. Og ferðapjónustan þarf að halda áfram að eflast og styrkjast, að mati þátttakenda.

Hins vegar var velt upp hugmyndum um nýsköpun og sáu menn tækifæri í vatnsútflutningi og rafmagnsframleiðslu og ef til vill fiskeldi í skjólsælum fjörðum og í hreindýrarækt.

Allt veltur þetta þó á samgöngum, þær eru forsenda þess að nýta sérstöðu og tækifæri til atvinnusköpunar í Árneshreppi.

„Öflugur stuðningur við sauðfjárrækt.“

5.1 LANDBÚNAÐUR

Hópur sem ræddi um landbúnað var sammála um að sauðfjárræktun skipti sköpum í Árneshreppi, hún sé undirstaðan. En hann velti líka upp hreindýrarækt sem mögulegri nýsköpun.

Helst þyrfti að fjölga sauðfjábændum, tryggja nýliðun í greininni. Það mætti gera með því að ríkið veiti stuðning við nýliðun og uppkaup á jörðum. Einnig með skattaívilnunum. Sveitarfélagið þyrfti, að mati þátttakenda, að hafa forkaupsrétt að jörðum og bústofni og helst þyrfti að fyrirbyggja að jarðir verði dæmdar úr leik með því að selja þær í einingum. Fram kom að nýr samningur sauðfjábænda henti frekar stórum búum og sé óhagstæður búum í Árneshreppi.



Rætt var um þann möguleika að **slátra heima í héraði**, t.d. með **færanlegu sláturhúsi**.

Í hópnum sem ræddi um lífræna vottun kom fram að kostnaður við vottunina og erfiðleikar við að losna við kjötið, geri það að verkum að margir bændur séu að hætta við lífræna ræktun. Niðurstaðan var sú að það væri hugsanlega sterkari leikur að **upprunamerkja kjöt úr Árneshreppi og markaðssetja með áherslu á hreinar og umhverfisvænar afurðir**.

Rætt var um **hreindýrarækt** og vitnað til reynslu og áhuga Stefáns Hrafn Magnússonar hreindýrabónda á Grænlandi. Flytja mætti dýr að austan sem þá færu í gegnum sóttkví. Fram kom að dýrin eru á vetrargjöf í hólf, en ganga laus á sumrin. Smalað er með drónum. Einnig kom fram að **Stefán Hrafn hafi áhuga á að flylja ESB-vottað sláturhús sitt frá Grænlandi til Íslands**.

Lagt var til að **sambúð við sauðkindina verði skoðuð**. Einnig aðrar hliðar svo sem **smithætta**.

Næstu skref varðandi hreindýraeldi eru að mati hópsins þessi:

- Stefán Hrafn kemur í Árneshrepp til fundar við fólk eftir nokkrar vikur.
- Sveitarstjórn falið að fylgja máli eftir á öllum vígstöðvum.
- Sláturhús. Næsta skref er að heyra í Stefáni Hrafn og öðrum þar til bærum aðilum.

Og **næstu skref** til eflingar landbúnaðar almennt væru þessi:

- Athuga hvort stjórnvöld vilji styrkja unga bændur til að hefja búskap hér. Þriggja til fimm ára prógramm.
- Fá yngra fólk í búskap.
- Efla sauðfjárrækt.
- Öflugur stuðningur við sauðfjárrækt.
- Hærri greiðslur til bænda.
- Efla nýtingu á afurðum bænda „Beint frá býli“.



5.2 FERÐAÞJÓNUSTA

Hópurinn einbeitti sér að því að skilgreina sérstöðu og aðdráttarafi Árneshrepps sem hægt er að nýta í ferðaþjónustu.

- Sundlaug, Krossnes og Gjögur.
- Gera útgerðarsögu betri skil:
 - Baskavígin.
 - Tröll.
 - Flóabardaginn.
- Matur úr héraði:
 - Lamb.
 - Fiskur – hrogn.
 - Ber.
- Gönguleiðir:
 - Reykjaneshyrna.
 - Gamla póstleiðin.
 - Örk.
 - Glissa.
 - Gera kort og stika leiðir.
- Vetrarferðamennska:
 - Sleðaferðir.
 - Fjallaskíði.

Lögð var áhersla á markaðssókn, á netinu, þ.m.t. Facebook og að gert verði sameiginlegt plagg/bæklingur.

Bent var á Kína sem markaðssvæði og að þýða þurfi kynningarefni.

Næsta skref til að styrkja stoðir ferðaþjónustu er markaðsátak, samkvæmt ábendingu í lok þings.

Og næstu skref í öðrum atvinnumálum:

- Sértaekar aðgerðir í strandveiðum.
- Skoða frekar hugmynd um vatnsútflutning.



6. SKÓLINN

Tveir hópar ræddu um skólamál og tók sá síðari punktana frá þeim fyrri og útfærði nánar. Viðfangsefnið var það að renna styrkari stoðum undir skólalald í Árneshreppi, sem stendur nú höllum fæti vegna fækkunar nemenda.

Þátttakendur kusu að líta á þetta sem **þróunarverkefni** og sáu þessar leiðir helstar:

- **Stytttri námskeið:** Til dæmis Listaháskóli, tónlistarskóli, leiklist.
- **Gestanemendur:** 14 rúm, börn/fullorðnir – fermingarundirbúningur.
- **Samstarfsaðilar:** Skólanefnd, starfsfólk, kennarar, Ernir flugfélag og menntamálaráðuneyti.
- **Búfræði** og hússtjórnarskóli fyrir börn: Bændur í Árneshreppi.
- **Þróunarvinna:** Tveggja til fjögurra manna/kvenna starfshópur. Umræða við menntayfirvöld og Jöfnunarsjóð.

Skólamál rötuðu á blað í lokaumræðum um **næstu skref**, hugmyndin um skólasetur og að komið verði á fót starfshópi.

„Starfshópur fyrir grunnskólann.“



7. SMÁVIRKJANIR OG HITAVEITA

Orkumál voru rædd í tveimur hópum, auk hópsins sem ræddi um Hvalárvirkjun og málefni henni tengd, samanber kafla 5 hér á undan.

7.1 SMÁVIRKJANIR

Byrjað var á að kortleggja **hvar væri hugsanlega hægt að koma upp smávirkjunum:**

- Í Reykjarfirði – Reykjarfjarðará 80-90 kw.
- Litla/Stóra-Ávík – Ávíkurá 70-90 kw.
- Við Mela – Melá.
- Eyrará.
- Seljá – í Ingólfsfirði.
- Djúpavík – Bæjarlækur – Foss.
- Við Fell – Fellslækur.
- Norðurfirði – Borgargil.
- Árnesá – Árnesdal.

Forsendur fyrir smávirkjunum eru að mati hópsins þessar:

- **Tenging inn á netið.**
- **Rennslismælingar.**

Og þessir **notkunarmöguleikar** voru nefndir:

- Vetnisframleiðsla.
- Önnur grunnframleiðsla.
- Styrkir ferðaþjónustu.



7.2 HITAVEITA

Rætt var um þann möguleika að hitaveita verði lögð frá Krossnesi inn í Norðurfjörð. Kostnaður er, eftir því sem hópurinn sagði, talinn vera á bilinu 25-32 milljónir og afköstin eru 8 sekúndulítrar af 60 gráðu heitu vatni.

Hitaveita myndi opna möguleika á sjóbaðsaðstöðu í Norðurfirði á vegum einkaaðila og kostnaður við hana gæti numið 200-300 milljónum króna. Arinbjörn Bernhardsson landeigandi er áhugasamur sem og Ferðafélag Íslands. Fram kom að Úlfar Eyjólfsson, bóndi í Krossnesi er eigandi vatnsréttinda. Hann er áhugasamur og telur nægt vatn til þessa verkefnis.

Hópurinn var sammála um að hitaveitan sé tilvalinn kostur og lagði til að næstu skref yrðu þessi:

Sveitarstjórn verði falið að ræða við Orkubú Vestfjarða um framkvæmdina og kostnað við hana. Æskilegt er að OV eigi veituna. Kannað verði með niðurgreiðslur til einstaklinga og fyrirtækja. Óskað verði eftir fundi með OV um málið.



„Hitaveita í Norðurfirði er tilvalinn kostur.“

8. ÞJÓNUSTA

Umræða um þjónustu fór fram í tveimur hópum. Annars vegar var rætt um heilsugæslu og þjónustu – og þá fyrst og fremst þjónustu við eldri borgara og húsnæði fyrir þann aldurshóp, sem og aðra.

Hinn hópurinn ræddi um verslun og var uggandi um framtíð verslunar í Árneshreppi.

8.1 HEILSUGÆSLA OG ÞJÓNUSTA

Fram komu óskir um að ferðum læknis á stofu í Norðurfirði verði fjölgað og viðveran í hvert skipti verði lengd.

Áhugi var á byggingu á íbúðarhúsnæði, þá helst litlum íbúðum í par- eða raðhúsum. Einnig þarf að huga að þörfum eldri borgara með byggingu þjónustuíbúða, með framlagi frá ríkinu.

Til að af þessu geti orðið þyrfti að gera deiliskipulag vegna nýbygginga. Hópurinn taldi að þessar framkvæmdir mætti fjármagna með fasteignagjöldum sem Árneshreppur myndi fá vegna virkjunar.

„Huga þarf að þjónustuíbúðum fyrir eldri borgara.“



8.2 VERSLUN

Umræðan um verslun var undir yfirskriftinni, „Verslun – Hvað þarf til?“.

Varpað var fram þeirri spurningu **hvort breyta þyrfti opnunartíma, stytta hann eða lengja.**

Velt var upp öðrum möguleikum ef Kaupfélag Steingrímsfjarðar Hólmavík hættir að reka verslun. Meðal annars mætti, að mati hópsins, **koma á samstarfi við aðra.** Til dæmis mætti panta frá Costco, Bónus eða Stórkaupum og láta senda.

Þjónustan við íbúa er númer eitt, tvö og þrjú, en jafnframt eru **sóknarfæri í ferðamannaverslun.**

Varpað var upp þeim **möguleika að Árneshreppur kæmi að rekstri verslunar, t.d. með mótframlagi í formi launa.**

Ef nauðsyn krefur, mætti **setja saman starfshóp til að kanna möguleika í stöðunni.**

Næstu skref varðandi þjónustu eru þessi, samkvæmt þátttakendum á íbúðinginu:

- Tryggja áframhaldandi verslun í hreppnum.
- Tryggja betri lækniþjónustu.
- Hrinda af stað áformum um að byggja / kaupa húsnæði sem verður dvalarheimili aldraða.

9. FINNBOGASTAÐIR – KAUP Á JÖRÐ

Lagt var til að rætt yrði um þann **möguleika að Árneshreppur kaupi Finnbogastaði** og rötuðu þessir punktar á blað:

- Selja Kolbeinsvík og Árneshreppur kaupi Finnbogastaði.
- Nýting gæti verið sem **listamiðstöð.**
- Eða sem **heimili fyrir aldraða.**



10. AÐ NÁ ÁHEYRN STJÓRNVALDA OG ÞJÓÐAR

Á íbúáþinginu kom fram að íbúar Árneshrepps horfa til stjórnvalda, enda viðfangsefnið svo stór að þau eru þeim og sveitarfélaginu ofviða.

Bættar samgöngur allt árið um kring, var efst á blaði í forgangs röðun þátttakenda og þá má nefna skilyrði til nýliðunar í landbúnaði sem dæmi um mikilvæg mál sem varða stefnumörkun stjórnvalda.

Í þessum kafla eru dregin saman málefni sem snúa að stjórnvöldum. Byggt er að hluta á umræðu tveggja hópa. Annar ræddi um atvinnu- og skattamál, sbr. 6. kafla hér á undan og eru niðurstöðurnar um skattamál tilgreindar hér. Hinn hópurinn var að uppástungu fulltrúa Fjórðungssambands Vestfirðinga til að kalla eftir hugmyndum heimamanna um stuðning sambandsins. Loks er mikið af því sem hér fer á eftir unnið upp úr skilaboðum þátttakenda um næstu skref.

10.1 SKATTAMÁL

Árneshreppur væri kjörið svæði fyrir stjórnvöld að gera tilraun með byggðaaðgerð í gegnum skattakerfið, sögðu þátttakendur á íbúáþinginu. Vísað var m.a. til slíkra aðgerða í Noregi og þessi rök tilgreind; samgönguleysi, dýrari aðflutningar og takmörkun á sjávarútvegi og landbúnaði.

Auk þess var kallað eftir því að Árneshreppur fengi 50% álag á svæðisbundinn stuðning.

10.2 FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Fram kom að íbúar Árneshrepps binda miklar vonir við virkan stuðning Fjórðungssambands Vestfirðinga. Þessi atriði voru nefnd:

- Brothætt byggð innan FV.
- Starfsmaður / verkefnisstjóri í samvinnu við Byggðastofnun.
- Samningur við Jöfnunarsjóð vegna mögulegra nýrra tekjustofna.
- Orkubylting Vestfjarða – orkuöflun og dreifing í orkuþurfandi verkefni.
- Ungir Vestfirðir, verkefni sem miðar að því að skapa aðstæður og umhverfi fyrir ungt fólk á Vestfjörðum.

10.3 BROTHÆTT BYGGÐ

Á þinginu kom fram fyrirspurn um verkefnið „Brothættar byggðir“, sem Byggðastofnun stendur fyrir á nokkrum stöðum á landinu í samstarfi við viðkomandi sveitarfélag, íbúa og svæðisbundin samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar. Í samráði við þátttakendur var ákveðið að þessi umræða færi fram með öllum viðstöddum, frekar en í minni hópi. Starfsfólk Byggðastofnunar sagði frá verkefninu ásamt fulltrúum FV og síðan fór fram samræða, með spurningum, svörum og vangaveltum.

Niðurstaða heimamanna sem þátt tóku í umræðunni var sú að æskilegt væri að Árneshreppur kæmist inn í verkefnið, en til þess þarf sveitarstjórn að endurnýja fyrri umsókn um þátttöku.

„Hugarfarsbreyting hjá ráðamönnum / konum.“

10.4 TALSMÆÐUR / VERKEFNISSTJÓRI

Tengt umræðunni um verkefnið Brothættar byggðir, kölluðu þátttakendur eftir því að **ráðinn yrði verkefnisstjóri eða talsmaður**. Eftirfarandi var nefnt undir lok þings þegar spurt var um næstu skref:

- Ráða verkefnisstjóra.
- Leita strax að vænlegum starfsmanni til að stýra.
- Góðan framkvæmdastjóra.
- **Ráða talsmann og kjósa nefnd sem hefur áhuga á verkefninu.**

10.5 KYNNING / FJÖLMIÐLAR

Í lokaumræðu þingsins um næstu skref komu þessar **tvær ábendingar sem vísa til þess að íbúar Árneshrepps vilja að rödd þeirra heyrir**.

- Sameiginlegt markaðsátak.
- Upplýsa fjölmiðla. Fá fréttaskýringu Kastljóss.

10.6 STJÓRNMÁL

Til að skilaboð íbúa Árneshrepps nái í gegn, var stungið upp á því að:

- Útnefna fulltrúa á næsta þing í Árneshreppi.

„Upplýsa ráðuneyti og fagstofnanir.“

10.7 ÁKALL TIL STJÓRNVALDA

Íbúar Árneshrepps kalla eftir því að á þá verði hlustað og að stjórnvöld bregðist við stöðunni.

Eftirfarandi atriði voru tilgreind sem næstu skref:

- Bjóða þingmönnum í haust.
- Tengja okkur við þjóðina.
- Upplýsa fagstofnanir; Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun.
- Upplýsa stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál.
- Upplýsa ráðuneyti um niðurstöður.
- Alþingismenn verða að hlusta á okkur.
- Hugarfarsbreyting hjá ráðamönnum / konum.
- Vilji og að láta verkin tala hjá ráðamönnum.
- Stuðningur við áframhaldandi byggð.



11. FRAMTÍÐARSÝN - 2037

Undir lok þingsins var þátttakendum boðið í ferðalag inn í framtíðina þar sem þeir sæju fyrir sér lífið og stöðuna í Árneshreppi eftir 20 ár.

Almennt sá fólk fyrir sér fjölgun íbúa og eflingu byggðar. Þegar allar hugmyndir hafa verið dregnar saman, gæti myndin litið svona út:

Innviðir og samgöngur hafa breyst til muna og heilsárssamgöngur tengja Strandir við meginlandið. Vegurinn er orðinn mikið betri frá Hólmavík og alveg norður úr, uppbyggður og jafnvel malbikaður, með jarðgöngum í gegnum Kaldbakshorn og innan við Naustavíkurskörð yfir í Trékyllisvík og fara börnin í Djúpavík þá leið í skólann.

Bændur eru virkir í sínum rekstri, það eru **blómleg býli** á hverjum bæ og mikið af kindum. Í Árneshreppi er hamingjusamt sauðfé á beit og fögur tún við bæi.

Atvinna hefur aukist og komið er þriggja fasa rafmagn. Bátar eru á sjó og komin ný höfn.

Mannlíf og **ferðaþjónusta** eru í blóma, það eru ferðamenn allsstaðar og skip á siglingu.

Hér er risin miðstöð hönnunar. Nokkrir hönnuðir vinna úr hráefnum sem eru úr nágrenninu.

„Heilsárssamgöngur tengja Strandir við meginlandið.“

Í **Kolbeinsvík** er komin sumarhúsabyggð.

Fólk er farið að búa í **Veiðileysufirði**.

Í **Djúpavík** er blómstrandi byggð, þar er nú búið í mörgum húsum og komin herbergi í verksmiðjuna.

Fólk hefur sest að á **Gjögri** og flugvöllurinn er í notkun á hverjum degi.

Á **Reykjarnesi** er komin ferðaþjónustuþyrping.

Byggð hefur aukist í **Trékyllisvíkinni** og þar er nú mikið líf. Kýr, hestar, kindur og hænur. Krakkar að leika sér og skólustarf blómstrar. Dvalarheimili er komið í víkina og gamla fólkið fylgist með unga fólkinu við leik og störf.

Kört er orðið mjög öflugt safn með hákarlaskipið Ófeig til sýnis og búið er að skipta um þakið á félagsheimilinu.

Norðurfjörður er orðinn að stærra þorpi. Þar er nú fiskvinnsla og mörg skip við bryggju. Þangað koma skemmtiferðaskip og þar er komin flott aðstaða fyrir sjóböð.

Krossneslaug hefur verið stækkuð og endurbætt og þar eru komnar rennibrautir og fleiri heitir pottar og líka sjópottar.

Nýtt byggðarlag er risið í **Ingólfsfirði**.

Falleg þjónustuaðstaða er á **Ófeigsfjarðarheiði** í tengslum við Hvalárvirkjun sem er komin í gang og starfrækt í sátt við náttúruna.

Ekki sáu þó allir bjarta mynd: „Ég mun gægjast upp úr kolareyknum og líta yfir byggð sem einu sinni var. En, þetta verður aðeins ef afturhaldsfólki hérna og aðkomið, tekst að koma í veg fyrir uppbyggingu í sveitarfélaginu.“

„Dökk mynd af hernaði vegna vatnsskorts. Lokað svæði Árneshreppur.“

En annar þátttakandi orðaði það svo: „Mannlíf blómstrar á grunni vatnsútflutnings, sauðfjárbúskapar og ferðarþjónustu“.

Þrátt fyrir drauminn um fjölgun íbúa á næstu tuttugu árum, sáu líka einhverjir kosti við smæðina: „Mörg lítil bú, heimaafurðir í klæðnaði og mat, mikið af börnum og heilbriggt og hógvært samfélag“.

„Það er blómlegt, lítið samfélag með fjölbreyttari atvinnumöguleikum, börn að leik og lífið í jafnvægi“.

Umfram allt eru þátttakendur þó sammála um að Árneshreppur nú og til framtíðar er falleg sveit með einstakt umhverfi, þar sem standa þarf vörð um byggð og gott mannlíf.

„Standa þarf vörð um byggð og gott mannlíf.“



12. AÐ LOKUM


Að íbúáþinginu stóðu Árneshreppur, Byggðastofnun og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Þó fyrirkomulagið væri hið sama og í verkefnum Byggðastofnunar í svokölluðum Brothættum byggðum, var munurinn sá að ekki hefur verið tekin ákvörðun um slíkt verkefni í Árneshreppi. Fyrst þarf sveitarstjórn að taka ákvörðun um hvort hún endurnýjar fyrri umsókn sveitarfélagsins um þátttöku og stjórn Byggðastofnunar að samþykka. Niðurstöðu um þetta er að vænta fyrir haustið. Umræða á þinginu var jákvæð fyrir þátttöku í verkefninu.

Þegar boðið er til þátttöku felst í því ákveðið loforð gagnvart íbúum. Í ljósi ofangreinds, fólst loforðið fyrst og fremst í samtalinu sjálfu, eða eins og sagði í dreifibréfi: „*Tilgangurinn með þinginu er að koma saman, íbúar, sveitarstjórn, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Byggðastofnun, til að leita leiða til að renna styrkari stöðum undir byggð í Árneshreppi.*“

Staða byggðar í Árneshreppi er alvarleg og tjáðu íbúar áhyggjur sínar af því að heilsársbyggð leggist af. Það er eftirtektarvert í ljósi þessarar stöðu að íbúáþingið einkenndist af yfirvegun og samkennd.

Árneshreppur hefur löngum verið markaðssettur undir slagorðinu „Þar sem vegurinn endar“. Á íbúáþinginu ríkti von í hjörtum viðstaddra sem vilja sjá fyrir sér betri tíma og að í raun sé vegurinn að byrja, á vegferð til heillavænlegrar framtíðar í Árneshreppi.

Tilfinningin sem stendur uppúr eftir þetta einstaka íbúáþing er sú að samfélagið í Árneshreppi sé þétt og fólk kunní að vinna saman. En það stendur á tímamótum og þó ekki berist stóryrðar yfirlýsingar eða kröfur úr Árneshreppi, er niðurstaða þingsins ákall til stjórnvalda um að viðurkenna stöðuna og bregðast við henni hið fyrsta.



VIÐAUKI - NÆSTU SKREF

Áður en íbúáþinginu var slitið voru þátttakendur beðnir um að segja til um hver væru næstu skref, á hverju þyrfti að byrja til að feta leiðina í átt að framtíðarsýninni. Skráð var á miða og gat hver og einn skráð niður fá eða mörg atriði, að vild. Aðeins þátttakendur úr Árneshreppi og frá FV fengu úthlutað miðum. Niðurstöður úr þessum hluta þingsins hafa verið felldar inn í kaflana hér á undan um viðkomandi mál en hér er listinn yfir allt sem kom fram, flokkað eftir málefnum.

Samgöngur

Vinna að því að fá betri samgöngur.

Afla upplýsinga frá Vegagerð varðandi samgöngumál.

Samgöngur áfram vegagerð.

Veiðileysuháls strax í gang.

Bættar samgöngur með nýjum vegi yfir Veiðileysuháls og jarðgöngum úr Reykjarfirði í Árnesdal.

Huga að jarðgöngum.

Jarðgöng úr Árnesdal yfir í Reykjarfjörð.

Jarðgöng frá Trékyllisvík inn í Reykjarfjörð.

Breyta skilgreiningu á vegi.

Burt með G-regluna.

Tala við flugfélag til að fá ódýrara flug 2.500 – 3.000 kr.

Orkumál

Upphaf orkubyltingar Vestfjarða – virkjun Hvalár.

Tengivirki fyrir virkjun – Hvalá.

Virkjun Hvalár. Samningur vegna framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Virkjun Hvalár fái forgang í kerfinu.

Hvalá / virkja.

Hvalárvirkjun já.

Hitaveita þar sem það á við.

Hitaveita.

Þriggja fasa rafmagn í alla sveitina.

Þriggja fasa rafmagn.

Fá betra rafmagn. Grunnur að bættum atvinnumálum.

Koma af stað smávirkjunum þar sem það hentar.

Húshitunarkostnaður.

Stjórnvöld

Þjóða þingmönnum í haust.

Tengja okkur við þjóðina.

Upplýsa fagstofnanir; Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun.

Upplýsa stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál.

Upplýsa ráðuneyti um niðurstöður.

Alþingismenn verða að hlusta á okkur.

Hugarfarsbreyting hjá ráðamönnum / konum.

Stuðningur við áframhaldandi byggð.

Vilji og að láta verkin tala hjá ráðamönnum.

Landbúnaður

Athuga hvort stjórnvöld vilji styrkja unga bændur til að hefja búskap hér. Priggja til fimm ára prógramm.

Fá yngra fólk í búskap.

Efla sauðfjárrækt.

Öflugur stuðningur við sauðfjárrækt.

Hærri greiðslur til bænda.

Efla nýtingu á afurðum bænda „Beint frá býli“.

Skattar / fjármál

Að fá 50% álag á svæðisbundinn stuðning.

Árneshrepp sem tilraunadýr í skattamálum.

Fá stjórnvöld til að lækka skatta.

Skattamál.

Skattamál, lægri skatta.

Brothætt byggð

Brothættar byggðir, atvinnumál og samgöngur (e.t.v. óvart, þessi þrjú atriði á sama miða).

Brothætt byggð.

Stofna starfshóp, brothætt byggð.

Brothætt byggð, verkefni Byggðastofnunar og FV.

Talsmaður / verkefnisstjóri

Ráða verkefnisstjóra.

Leita strax að vænlegum starfsmanni til að stýra.

Góðan framkvæmdastjóra.

Ráða talsmann og kjósa nefnd sem hefur áhuga á verkefninu.

Þjónusta

Tryggja áfram verslun.

Tryggja áframhaldandi verslun í hreppnum.

Tryggja betri lækniþjónustu.

Hrinda af stað áformum um að byggja / kaupa húsnæði sem verður dvalarheimili aldraðra.

Skólamál

Skólamál.

Koma á skólasetri.

Starfshópur fyrir grunnskólann.

Samtal / upplýsingar

Virkari upplýsingaveita fyrir hreppsbúa.

Halda áfram að tala saman.

Kynning / fjölmiðlar

Sameiginlegt markaðsátak.

Upplýsa fjölmiðla. Fá fréttaskýringu Kastljóss.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta, markaðsátak.

Sjávarútvegur

Sértækar aðgerðir í strandveiðum.

Önnur atvinnumál

Skoða frekar hugmynd um vatnsútflutning.

Fjarskipti

Knýja á um ljósleiðara.

Stjórnsmál

Útnefna fulltrúa á næsta þing í Árneshreppi.